

## AUGLÝSING

### um friðlýsingu Búða og Búðahrauns, Snæfellsnessýslu.


Samkvæmt heimild í 24. gr. laga nr. 47/1971 um náttúruvernd hefur Náttúruverndarráð ákveðið fyrir sitt leyti að friðlýsa þann hluta Búða og Búðahrauns á Snæfellsnesi sem tilgreindur er hér á eftir og með neðanskráðum reglum:

Mörk hins friðlýsta svæðis eru þessi:

(1) Búðaós frá sjó og síðan girðing við jaðar hraunlandsins að austan og norðan allt vestur fyrir Þjóðólfselli. (2) Þar breytist stefna girðingar og liggur hún til suðurs um hraunið til sjávar. (3) Síðan fylgja mörkin sjávarströnd að sunnan að Búðaósi.

Um friðlandið gilda þessar reglur:

1. Mannvirkjagerð og jarðrask og hvers konar breytingar á landi eru háðar leyfi Náttúruverndarráðs.



2. Almenníngi er heimil för um svæðið og dvöl á því í lögmætum tilgangi, enda sé góðrar umgengni gætt.
3. Akstur utan vega og merktra slóða er óheimill.
4. Bannað er að skerða gróður, trufla dýralíf og skemma jarðmyndanir eða aðrar mynjar að óþörfu.
5. Berjatínsla, önnur en til neyslu á staðnum, er óheimil án leyfis.
6. Beit búfjár er óheimil á friðlandinu.

Til undanþágu frá reglum þessum þarf leyfi Náttúruverndarráðs eða þess sem fer með umboð ráðsins.

Um viðurlög vegna brota á reglum þessum fer eftir ákvæðum náttúruverndarlaga.

Ráðuneytið er samþykkt friðlýsingunni sem tekur gildi við birtingu þessarar auglýsingar í Stjórnartíðindum.

*Í menntamálaráðuneytinu 11. júlí 1977.*

**Vilhjálmur Hjálmarsson.**

*Runólfur Þórarinnsson.*

21. júlí 1977.

Nr. 284.

## AUGLÝSING

um breytingu á byggingarsamþykkt Reykjavíkur nr. 39 24. mars 1965.

### 1. gr.

Aftan við 2. mgr. 26. gr. bætist:

„Ef gangur gegnum hús er ætlaður fyrir umferð sorpbifreiða skal hann ekki lægri en 3.80 m að innanmáli.“

### 2. gr.

Orðist svo: 2. ml. 2. mgr. 38. gr. orðist svo:

„Óheimilt er að gera sérstaka íbúð í risi timburhúss nema að fengnu leyfi byggingarnefndar og skal frágangur háður samþykki slökkviliðsstjóra.“

### 3. gr.

Aftan við 45. gr. komi ný mgr. svohljóðandi:

„Ef notað er eldnæmt efni til hitaeinangrunar, er skylt að verja það með eldtraustu efni, t. d. 2 cm múrhúðun.“

### 4. gr.

Í stað „1 m“ í 4. mgr. 54. gr. komi „1.20 m.“

### 5. gr.

1. mgr. 56. gr. orðist svo:

Heimilt er að gera kvisti á húsum, en það telst ígildi sérstakrar hæðar, ef samanlögð lengd kvists eða kvista er meira en  $\frac{2}{3}$  af húshliðinni.

Ef kvistur á sambyggðu húsi verður nær lóðarmörkum en 1.5 m skulu gerðar sérstakar ráðstafanir til eldvarna vegna aðliggjandi húss. Þegar gerður er kvistur á eldra húsi skal þess gætt, að hann falli vel að því, t. d. hvað þakform, gluggasetningu og efni snertir.